

■ Formannslagurinn í Alpýðubandalaginu að komast á fullt skrið

## „Ný kynslóð fólgin í mér“

– frekar en í **Margréti Frímansdóttur**, segir **Steingrímur J. Sigfússon**. Sérkennilegar athugasemdir **Ólafs Ragnars Grímssonar**, formanns flokksins, hafa vakið athygli varaformannsins.

„Ég tefli mér fram bara sem einstaklingi og minni reynslu. Síðustu átta til tíu árin hef ég verið formaður þingflokksins, ráðherra og varaformaður flokksins og tel mig því hafa góða reynslu og bæfilegan bakgrunn til að takast á við formennskuna. Ég á mína stuðningsmenn um allt land þótt ég finni eflaust eitthvað annað nafn á þá en *Landsnet*“, sagði **Steingrímur J. Sigfússon**, alþingismaður og varaformaður Alpýðubandalagsins, í samtali við *Alpýðublaðið*.


Steingrímur hefur sem kunnugt er lýst því yfir að hann gefi kost á sér til formanns í Alpýðubandalaginu. Í dag mun **Margrét Frímansdóttir** alþingismaður tilkynna framboð sitt til **Ólafs Ragnars Grímssonar**, formanns flokksins, og ljóst að allt stefnir í harðan slag þeirra í millum.

„Ég hef undanfarnar vikur, mánuði og misseri fengið mjög víðtæka hvatningu og áskoranir um að taka að mér formennskuna. Ég er fulltrúi sömu kynslóðar og Margrét og er raunar yngri en hún. Því er enn frekar nýr tími og ný kynslóð fólgin í

mér heldur en henni. Ég bind að sjálfsgöðu vonir við það að mitt kjör gæti orðið upphaf nýs tíma og það hæfist nýtt uppbyggingarskeið í flokknum. Ég hef mikinn áhuga á að efla flokkinn sem forystuflokk vinstri manna í íslenskum stjórnámum. Það er stóra verkefnið sem ég sé í þessu og því fyrr sem við getum snúið okkur að því máli því betra. Þess vegna hef ég áhuga á að við reynum að hafa landsfundinn í fyrra fallinu og mun leggja það til“, sagði Steingrímur.

Því hefur þrífaldlega verið haldið fram að **Ólafur Ragnar Grímsson** hyggist endurheimta formannsstólinn við fyrsta tækifæri. Ert þú tilbúinn til að standa upp fyrir honum ef til kemur?

„Nei, alls ekki. Ég býð mig fram til að sinna þessu tilskilinn tíma eða að minnsta kosti til þeirra sex ára sem er hið almenna kjörtímabil. Ég vil taka fram í leiðinni að ég ætla Margréti það heldur ekki að bjóða sig fram sem einhver afleysingamaður. Mér dettur það ekki í hug og ber



Steingrímur: Ég ætla mér sigur.



Margrét: Ég er raunar yngri en hún.



Ólafur Ragnar: Sérkennilegar yfirlýsingar.

fulla virðingu fyrir henni sem mótframbjóðanda. En út af fyrir sig hafa þessar sérkennilegu athugasemdir formanns flokksins vissulega vakið athygli mína.“

*Landsnet stuðningsmanna Margrétar segir framboð hennar uppgjör við flokkadrætti og deilur liðins tíma. Ert þú hluti af þessum flokkadráttum?*

„Ég ætla ekki að lesa þarna neitt milli línanna. Það talar hver fyrir sig og það er best að hver lesi það sem honum hentar út úr þessu. Ég legg áherslu á kosningarnar fari vel og þrúðmannlega fram og baráttan verði uppbyggileg og málefnaleg. Ég mun hins vegar heyja þessa baráttu af fullri alvöru og ætla mér sigur.“

*Áttu von á að fylgið skiptist milli*

*ykkar Margrétar eftir kjördæmum?*  
„Það má ætla í grófum dráttum að okkar kjördæmi standi á bak við sinn mann. En sem betur fer er það þannig að þegar kemur að því að loka þessu umslagi þá eru menn einir og gera þetta upp við sig sjálfir. Vonandi getur það gerst á málefnalegum og heildarlegum forsendum“, sagði Steingrímur J. Sigfússon.

### ■ Evrópumót í handflökun

## Bjór-bann á keppnisstað

Evrópumeistara- og Íslandsmeistaramót í handflökun verður haldið 27. maí í stóru tjaldi á miðbakkanum við Reykjavíkurborg. Aðstandendur mótsins vilja taka sérstaklega fram að sala og neysla á áfengu öli sé bönnuð á keppnisstað. Keppnin er nú haldin í samvinnu við Reykjavíkurborg og nokkur fyrirtæki. Íslandsmót í handflökun var fyrst haldið í fyrra en nú eru líkur á að nokkrir erlendir keppendur taki þátt og munu þeir sem og íslensku keppendurnir geta unnið til Evrópumeistaratítuls. Dæmt verður eftir gæðum, nýtingu og hraða. Verðlaun fyrir þrjá efstu Íslendingana verður ferð til Humber-svæðisins í Englandi.



### Óhlutbundið myndmál og teiknimyndir

**Kristjáns og Bjarna** Á laugardag verða opnaðar þrjár myndlistarsýningar á Kjarvalsstöðum: Kristján Steingrímur er einn þeirra listamanna sem hefur tileinkað sér óhlutbundið myndmál og er þarna með sín nýjustu verk. Bjarni Hinriksson er einkum þekktur fyrir teiknimyndir sínar og er þetta í fyrsta skipti sem Kjarvalsstaðir efna til sýningar á þeirri tegund myndlistar. Rúsínan í pylsuendanum er síðan Guðmundur Einarsson frá Miðdal eða öllu heldur verk hans (í baksýn), en sýningin er í tilefni af aldarminningu listamannsins.

A-mynd: E.Ól.

### ■ Örn Magnússon, framkvæmdastjóri HSÍ, hótaði að reka stuðningsmannaklúbb landsliðsins úr húsi

## „Brot á mannréttindum“

– segir **Gunnar Jón Yngvason**, formaður A-klúbbsins, en hópnun var meinað að klæðast landsliðsbúningum með Pepsi-auglýsingu.

Framkvæmdastjóri HSÍ, **Örn Magnússon**, hótaði stuðningsmannaklúbbsins íslenska landsliðsins brottrekstri úr Laugardalshöll skömmu fyrir leik Íslands og Túnis í fyrra kvöld. Ástæðan fyrir þessari hótun var sú að meðlimir klúbbsins klæðast búningum íslenska landsliðsins og á þeim er auglýsing frá Pepsi. Þessar auglýsingar frá Pepsi munu hafa farið fyrir brjóstið á framkvæmdastjóra HSÍ vegna þess að einn af stuðningsaðilum HM '95 er aðalkeppinautur Pepsi: Coca Cola á Íslandi.

„Ég get staðfest það að framkvæmdastjóri HSÍ kom til okkar fyrir leikinn og hótaði því að ef við færum úr æfingajökkunum og létum sjást í Pepsi-auglýsingu þá yrði okkur vísað úr höllinni“, sagði **Gunnar Jón Yngvason**, formaður A-klúbbsins, sem verið hefur helsti stuðningsmannaklúbbur landsliðsins undanfarnir fimm ár. Gunnar sagði þetta koma mjög á óvart, því allir starfsmenn á skrifstofu HSÍ og **Ólafur Schram**, formaður HSÍ, hafi vitað af þessari auglýsingu frá Pepsi á búningum A-klúbbsins.

„Við erum að kaupa þessa búninga af Adidas fyrir 8000 krónur og leitum því eftir auglýsingu á þá frá



A-klúbburinn: „Framkvæmdastjóri HSÍ beitti okkur andlegu ofbeldi með hótunum sínum“, segir **Gunnar Jón Yngvason**, formaður, sem verið hefur helsti stuðningsmannaklúbbur landsliðsins undanfarnir fimm ár.

A-mynd: E.Ól.

nokkrum styrktaraðilum, þar á meðal Coca Cola“, sagði Gunnar.

Gunnar sagði að framkvæmdastjóri HSÍ hafi vitnað í reglur Alþjóða handknattleikssambandsins, IHF, máli sínu til stuðnings en ekki svarað neinu þegar hann var beðinn um að sýna reglurnar á blaði. „Þetta er ekkert annað en brot á mannréttindum, það getur enginn bannað okkur að klæðast þessum búningum eða skipað okkur að vera í yfirhöfnum til þess að fela auglýsingar frá okkar styrktaraðila.“

Framkvæmdastjóri HSÍ beitti okkur andlegu ofbeldi með hótunum sínum. Þetta eyðilagði alla stemmningu í hópnun og við vorum frekar niðurlát á leiknum eftir þessa uppákomu eins og sjónvarpsáhorfendur hafa sjálfsgagt tekið eftir“, sagði Gunnar.

Ekki náðist í framkvæmdastjóra HSÍ í gær vegna málsins.


## Eggert G. Þorsteinsson látinn

**Eggert G. Þorsteinsson**, fyrrverandi ráðherra Alpýðuflokksins, lést á sjúkrahúsi í Reykjavík síðastliðinn þriðjudag. Hann var fæddur 6. júlí 1925 og var því á sjötugasta aldursári.

Eggert var fæddur í Keflavík en lauk sveinsprófi í múrsmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík 1947. Hann var þingmaður Alpýðuflokksins 1953 til 1978. Sjávarútvegs- og félagsmálaráðherra 1965 til 1971 og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1970 til 1971. Eggert var forseti efri deildar Alþingis 1959 og síðan varaforseti deildarinnar. Hann var framkvæmdastjóri Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1972 til 1979 að

hann var ráðinn forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins. Því starfi gegndi hann þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir árið 1993. Eggert gegndi fjölmörgum trúnaðarstörfum og má þar nefna að hann átti sæti í miðstjórn Alpýðuflokksins frá 1948 til 1988, var varaforseti ASÍ 1958 til 1960 og í stjórn Járblendifélagsins 1975 til 1982.

Eftirlifandi eiginkona Eggerts er **Helga Soffía Einarisdóttir** fyrrverandi yfirkennari. Fyrrri kona hans var **Jóna Jónsdóttir** sem lést árið 1981. Börn þeirra eru **Þorsteinn** héraðsdómslögmaður, **Jón Ágúst** deildarstjóri, **Eggert** rafeindavirki og **Guðbjörg** sjúkrapjálfi.



Eggert G. Þorsteinsson, fyrrverandi ráðherra Alpýðuflokksins er látinn.